

herra bæjarfógeti, skýrt frá því, að 17. s. m. hafi með gufuskipinu »Hjálmari« 18 flutzt til Akureyrar 136 pottar af svokallaðri »Arnikatinktur«; hafi sending þessi 23. febr. verið tilfærð á tollskrá skipsins þannig: »O. C. Th. 1 Foust. Arnicatinctur hl. 136 Potter á 16½° skj. Spirituosa«. Hafið þjer því heimtað toll af sendingu þessari hjá móttökumanni hennar, Oddi lyfsala Thorarensen á Akureyri, en hann hafi neitað að greiða tollinn. Nú hafið þjer spurzt fyrir um það, hvort þjer eigi að innheimta toll af þessari »Arnikatinktur« eins og af 16° spiritus.

Eptir þeim upplýsingum sem jeg hefi fengið um þetta efni, er tinctura arnica vínandi með talsverðum styrkleika, blandaður efni, er lyfsalar kalla arnicum. Efni þetta gjörir vílandann óhæfilegan til drykkjar, enda þótt hann sje blandaður enn öðrum efnum. Tinctura arnica verður því eigi talin til áfengisdrykkja, og með því að innfluttar lagartegundir því að eins virðast eiga að teljast tollskyldar, þótt þær innihaldi vínanda, að þær sjeu ætlaðar til eða geti orðið notaðar til drykkjar, sbr. fyrirsögu tolllaganna, tilsk. 26. febr. 1872, laga 11. febr. 1876 og 7. nóvbr. 1879, ráðgjafabrjef 21. ágúst 1886 (Stjtið. 1886. B. bls. 126) og landshöfðingjabrjef 14 oktbr. 1896 (Stjtið. 1896. B. bls 190), ber eigi að heimta toll af tinctura arnica.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um endurgreiðslu á tolli. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 27. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra 19 23. febr. sýslumaður, sent mjer erindi nokkurt frá kaupmanni Kr. Gíslasyni á Saudárkróki, þar sem hann fer þess á leit, að hann fái endurgreiddan toll af 992 pd. sykurs, er hann telur ofborgaðan.

Eptir þeim skýrslum sem fyrir liggja, er máli þessu svo varið, að á tollskrá skipsins Thyra, er kom til Saudárkróks í október 1896, stóðu 40 kassar af sykri og var nefndur kaupmaður talið móttökumaður þeirra. Var tollurinn því heimtaður af þessari sending allri hjá honum, og greiddi hann tollinn án þess að raunsaka þetta nákvæmara. Nú má álita það fullsannað að tollskrá skipsins hefir verið röng að því leyti, sem Saudárkrókstollskráin telur auk 20 kassa af sykurs til umgetins kaupmanns, er að rjettu lagi áttu að standa þar, 20 kassa af sykri, er fluttust til Þingeyrar með nefndri ferð »Thyra«, og þar hefir verið greiddur tollur af án þess um það sje getið á Þingeyrartollskránni að nokkuð sje þangað af sykri með skipinu. Krafa optnefnds kaupmanns um endurgreiðslu á tolli af 992 pd. af sykri virðist þannig vera á rökum byggð, og skal jeg því þjónustusamlega leggja fyrir yður, að greiða honum hinn ofborgaða toll, 49 kr. 60 a. að fráregnum 2%, og telja upphæð þessa meðal útgjalda í tollreikningi Skagafjarðarsýslu fyrir þetta ár.